

Stjórnarfundur 17. júlí 2024

Mættir: Eyþór Gíslason, Steinunn Árnadóttir, Friðrika Ásmundsdóttir, Halldór Sigurkarlsson og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð

Eyþór setti fundinn og stjórnaði honum.

Framkvæmdastyrkur upp á 898.200 kr staðfestur frá Borgarbyggð. Hann er ætlaður í klæðningu á félagsheimilið. Fá smíð til að taka að sér verkefnið og halda utan um það.

Unglingalandsmótið um verslunarmannahelgina. Keppnin verður á laugardeginum 3. ágúst. Fá starfsfólk, dómara, ritara o.fl.

Skemmtiatriði frá Þyt – fimleikar á hestum.

Björgvin á Skjólbrekku kemur og slær brekkuna, rúllar og hirðir. Búið að slá kantana með ruddasláttuvél einu sinni. Þarf að hreinsa meira og betur. Hafa vinnudag 30. júlí, mæta með sláttuorf og hreinsa. Einnig að láta beita þar sem hægt er.

Friðrika sagði frá að Terra er að farin að rukka fyrir skítagáminn við reiðhöllina. Hún samdi um að hafa gáminn gjaldfrjálst til 1. september. Fékk tilboð frá Terra upp á 690 kr/dag án vsk.

Fyrirspurnir um speglana í reiðhöllina og skeið tímatöku búnaðinn.

Fundi slitið 20.20 Næsti fundur ákveðinn 4. september